



Kostir:

- Áferð eftir vali
- Samfelt yfirborð - auðvelt að þrifa
- Falleg - bæta umhverfi á vinnustað
- Menga ekki matvæli, hvorki við lögn né eftir á
- Kemisk þolin

Notkunarmöguleikar

Dæmigerðir notkunarstaðir 1500 GÓLF efna er öll matvælavinnsla, verkstæðisgólf, bílageymslur og þar sem umferð og umgangur er mikill, eða kemiskt álag er til staðar. 1500 GÓLF er hægt að leggja í kverkar sem húlkíl og einnig yfir önnur fjölliðuefni til endurnýjunar.

Efnislýsing

1500 GÓLF er þriggja þátta epoxy fjölliðuefni sem lagt er 2-3mm þykkt. 1500 Gólf er lagt úr lituðu epoxy bindiefni og ólituðum sandi.

Ef undirbúningur er tekin með samanstendur 1500 GÓLF af eftirfarandi þáttum:

1. Tveggja þátta epoxy grunnur sem ætlaður er fyrir undirlag sem hefur verið demantsslípað eða blasttrac hreinsað.
2. 1500 epoxy bindiefni, litað með epoxy litapöstu til að binda kvartssand og til að fylla gólfíð.
3. Kvartssandur sem fyllefni, en kornastærð ræður miklu í áferð.

1500 GÓLF fæst í fjórum staðallitum: grátt, blátt, grænt eða gult.

Dæmi um eiginleika:

Eiginleikar 1500 GÓLF efna hafa verið rannsakaðir og þá miðað við 20°C hitastig. Niðurstöður urðu eftirfarandi styrkur:

- brotpólsstyrkur 74N/mm²(BS 6319)
- beygjuþólsstyrkur 28N/mm²(BS 6319)



Hörðunartími:

- gangandi umferð - 24 klst.
- flest umferð - 48 klst.
- fullt álag - 7 dagar.

Vinnsluferli:

Áður en 1500 GÓLF er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. 1500 GÓLF er ekki hægt að leggja með góðum árangri nema á slétt og óskemmt yfirborð.
2. Undirlag verður að vera meira en 25N/mm að brotstyrk.
3. Hlutfallsraki verður að vera minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Lofthiti verður að vera meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning 1500 GÓLF efna er vandasamt verk og ætti því einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnið að fara. SS Gólf er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

Lagning 1500 GÓLF efna samanstendur af eftirfarandi verkliðum:

1. Vanda undirbúningur og hreinsun eins og kostur er. Það er grundvöllurinn fyrir góðum árangri.
2. Grunna með epoxy bindiefni yfir nýhreinsaðan gólfíðtinn.
3. Lagt úr 1500 lituðu bindiefni og stráð í sandi og látið þorna.
4. Verkliður nr. 3 er endurtekinn ef þykkt á að vera meiri en 2 mm.
5. Gólfíð sandpappírsslípað, hreinsað og síðan fyllt með lituðu epoxy bindiefni.

Með fyllingu er ekki einungis átt við efsta yfirborð gólfsins heldur er átt við fyllingu frá neðsta hluta upp til yfirborðsins. Ekki er því einungis um að ræða þunna lakkfilmu á efsta yfirborði, heldur er gólfíð jafn niðsterkt í gegn.

Með rétttri umhirðu má auka endingu gólfsins til muna.